

Gagnsæisskýrsla Bláamannafélags Íslands 2024

Gagnsæisskýrsla þessi er unnin í samræmi við kröfur skv. ákvæði 23. gr. laga nr. 88/2019 um sameiginlega umsýslu höfundaréttar (umsýslulög). Í viðauka umsýslulaga eru skilgreindar þær upplýsingar sem sameiginlegum umsýslustofnunum, og aðilum umsýslustofnana - ber að taka saman. Þær upplýsingar koma hér á eftir.

Viðauki við gagnsæisskýrslu þessa er ársreikningur BÍ 2024 með skýrslu stjórnar sem er lögð fyrir aðalfund ár hvert auk skipulagsskrár menningarsjóðs og úthlutunarreglur sjóðsins. Endurskoðun ársreiknings vegna ársins 2024 er í höndum KPMG.

Um Bláamannafélag Íslands

Bláamannafélag Íslands er eitt af elstu stéttar- og fagfélögum hérlandis, stofnað í nóvember 1897. Stofnendur voru sjö ritstjórar þeirra vikublaða sem þá komu út í Reykjavík, en í dag eru félagar í BÍ um 650. Á meðal félagsmanna eru blaðamenn, fréttamenn, útlitsteiknarar, prófarkalesarar, handritalesarar, ljósmyndarar, ritstjórar, ritstjórnarfulltrúar, fréttastjórar, dagskrárgerðarfólk, hljóð- og tókumenn, tækni- og aðstoðarfólk í fréttá- eða blaðamennsku og annað starfsfólk sem sinnir upplýsingamiðlun og störfum sem tengjast fréttá- eða blaðamennsku. Upptalning þessi er sett fram í dæmaskyni, en er ekki tæmandi.

Bláamannafélag Íslands er fag- og stéttarfélag blaðamanna á Íslandi. Meginverkefni þess er að gæta stéttarlegra og faglegra hagsmuna félagsmanna og veita þeim þjónustu og ráðgjöf ásamt því að semja um kjör blaðamanna. Þá stendur félagið vörð um tjáningarfrelsi og frelsi fjölmiðla, er málsvari gagnvart löggjafar- og framkvæmdarvaldi og sinnir hagsmunagæslu stéttarinnar út á við. Félagið heldur úti vefnum Press.is, gefur út tímaritið Bláamanninn og stendur auk þess fyrir ýmsum viðburðum. Á vegum Bláamannafélagsins starfar sjálfstæð siðanefnd sem úrskurðar í þeim kærnum sem berast vegna meints brots á siðareglum félagsins auk þess sem sjálfstæð verðlaunanevnd veitir blaðamannaverðlaun félagsins árlega. Innan félagsins starfar jafnframt Bláaljósmyndarafélag Íslands, sem m.a. veitir árleg ljósmyndaverðlaun.

Innan BÍ starfa nokkrar sérdeildir: deild Félags fréttamanna á RÚV, deild miðlunar og samskipta og Bláaljósmyndarafélag Íslands BLÍ sem er félag blaða- og fréttaljósmyndara. BÍ stendur vörð um réttindi félagsmanna sem snúa að höfundarétti og annast samningsgerð félagsmanna við opinbera- og einkaaðila um hvers kyns höfundarréttarlög hagsmunamála þeirra. Félagsmenn fela BÍ ár hvert á aðalfundi að annast umsýslu höfundarréttar þ.m.t. með því að innheimta tekjur og úthluta fjárhæðum til réttihafa í skilningi 11. gr höfundarréttarlaga. Lög félagsins kveða á um að tekjur af höfundarréttargreiðslum renni í Menningarsjóð sem

starfar samkvæmt skipulagsskrá staðfestri af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu skv. lögum þar um. Í ársreikningi eru tekjur vegna höfundarréttargreiðslna sérstaklega tilgreindar.

Aðalfundur BÍ kýs formann og sex menn í aðalstjórn og þrjá til vara úr hópi fullgildra félaga. Formaður er kosinn til tveggja ára í senn og sama gildir um aðra stjórnarmenn. Annað árið skal kjósa formann, 3 aðalmenn og 1 varamann, og hitt árið 3 aðalmenn og 2 varamenn. Aðalfundur kýs þrjá menn og einn til vara í stjórn Menningarsjóðs BÍ, sem jafnframt annast málefni Orlofsheimilasjóðs og Endurmenntunar- og háskólasjóðs, þrjá menn í stjórn Styrktarsjóðs og þrjá til vara og tvo skoðunarmenn reikninga og einn til vara sem skulu endurskoða reikninga félagsins og sjóða þess.

Stjórn BÍ ræður framkvæmdastjóra félagsins og annað starfslid, hefur yfirumsjón með starfsemi félagsins og ber á henni fulla ábyrgð. Stjórn kýs úr sínum röðum varaformann, ritara og gjaldkera á fyrsta fundi sínum eftir hvern aðalfund. Formaður, varaformaður, ritari og gjaldkeri mynda sérstaka framkvæmdanefnd, sem hafa skal umsjón með daglegum rekstri félagsins í félagi við framkvæmdastjóra og í samræmi við samþykktir félagsfunda og félagsstjórnar.

Í stjórn BÍ að loknum aðalfundi árið 2024 áttu sæti:

Sigríður Dögg Auðunsdóttir, formaður, Lovísa Arnardóttir varaformaður, Bára Huld Beck ritari, Stígur Helgason gjaldkeri, Kristín Ólafsdóttir, Skúli Halldórsson, Sólrún Lilja Ragnarsdóttir, Ragna Gestsdóttir (varamaður), Kjartan Þorbjörnsson (varamaður), Fanndís Birna Logadóttir (varamaður).

Í stjórn Menningarsjóðs, sem tekur við höfundarréttargreiðslum og úthlutar, voru kjörin á aðalfundi 2024: Lillý Valgerður Pétursdóttir formaður, Guðmundur Bergkvist, Kristján Johannessen og Elín Albertsdóttir (varamaður).

Tveir starfsmenn voru í fullu starfi á skrifstofu BÍ árið 2024, skrifstofustjóri og framkvæmdastjóri.

Hagsmunaskrá

Engir hagsmunaárekstrar eru á milli framkvæmdastjóra og Bládamannafélags Íslands, sem stjórnanda, og fær framkvæmdastjóri engar réttindagreiðslur frá félaginu.

Í stjórn félagsins sitja m.a. blaðamenn og ljósmyndarar, og upp getur komið sú staða að stjórnarmeðlimir geta átt rétt á réttindagreiðslum í formi styrkúthlutana eða höfundaréttargreiðslna. Á árinu 2024 fengu stjórnarmenn BÍ menningarsjóðsstyrk, Sigríður Dögg Auðunsdóttir, Aðalsteinn Kjartansson og f.v. framkvæmdastjóri, Hjálmar Jónsson, sem öll áttu rétt á skv. úthlutunarreglum menningarsjóðs - en stjórn BÍ kemur ekki að úthlutunum

styrkja úr menningarsjóði. Einnig fékk Lillý Valgerður Pétursdóttir, formaður stjórnar menningarsjóðs menningarsjóðsstyrk, en kom ekki sjálf að úthlutun hans og átti rétt á honum skv. úthlutunarreglum.

Úthlutun höfundarréttargreiðslna

Blaðamannafélag Íslands tekur á móti greiðslum frá tveimur umsýslustofnunum sem félagið er aðili að, Fjölís og IHM auk greiðslna vegna samnings við Fjölmiðlavaktina.

Í gr. 3.4 í lögum BÍ segir: „Tekjur af höfundarréttargreiðslum skulu renna í Menningarsjóð sem starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.“ Menningarsjóður er stofnaður af Bláamannafélagi Íslands, samkvæmt félagssamþykkt gerðri 14. júní 1942. Í skipulagsskrá segir: „Tilgangur sjóðsins er að styrkja blaðamenn, sem félagar eru í Bláamannafélagi Íslands, til utanfarar, svo sem til þess að sækja blaðamannafundi og námskeið erlendis, eða til þess að kynna sér ákveðin mál, er blaðamenn varða.“

Tekjur menningarsjóðs eru iðgjöld sem atvinnurekendur greiða, sem eru 1,2% af launum félagsmanna, auk höfundarréttargreiðslna. Á árinu 2024 voru iðgjöld sjóðfélaga 44,1 m.kr. og tekjur vegna höfundarréttargreiðslna 27,5 m.kr.

Höfundarréttargreiðslur skiptust svona:

- IGM Fjölmiðlavaktin 7,9 m.kr
- Fjölís 11 m.kr.
- IHM 8,3 m.kr.

Samanlagðar tekjur menningarsjóðs voru því um 71 m.kr. á árinu 2024.

Höfundarréttargreiðslum er skilað áfram til rétthafa í gegnum svokallaða menningarsjóðsstyrki. Í úthlutunarreglum menningarsjóðs segir um menningarsjóðsstyrkina: „Fastráðnir félagar sem greiða iðgjöld í Menningarsjóð eiga rétt á að sækja um styrk úr sjóðnum þegar þeir eiga rétt á 3ja mánaða leyfi, samkvæmt kjarasamningum BÍ. Styrkur árið 2024 er 425 þús. fyrir félagsmenn sem hafa styttri en 18 ára starfsaldur og 525 þús. fyrir félaga með lengri starfsaldur en 18 ár.“ Þá fá lausráðnir blaðamenn, sem ekki greiða iðgjald í menningarsjóð, 25.000 kr. styrk úr sjóðnum árlega til að sækja hvers konar námskeið.

Í kjarasamningi BÍ er blaðamönnum tryggður réttur á að fara í þriggja mánaða leyfi á launum (sumarleyfi innifalið) á fimm ára fresti eftir fimm ára starf og á fjögurra ára fresti eftir tíu ára starf. Menningarsjóðsstyrkurinn greiðist á sama tíma og blaðamaður hefur áunnið sér þessi réttindi, óháð því hvort blaðamaður fer í þriggja mánaða leyfi eða ekki.

Á árinu 2024 hlutu 47 félagsmenn styrki úr sjóðnum að samanlagðri upphæð kr. 21.619.000. Þrír fengu kr. 25.000., 23 fengu kr. 425.000 og 23 fengu kr. 560.000.

Höfundarréttargjöld voru óvenjuhá árið 2024, vegna viðbótaúthlutunar frá Fjölís vegna uppsafnaðra fjármuna. Því voru menningarsjóðsstyrkir eru því um 5 m.kr. lægri en en sem nemur höfundarréttargjöldum á árinu 2024 (árið 2023 voru menningarsjóðsstyrkir 4,5 ,m.kr. hærrí en höfundarréttargjöld).

Menningarsjóður greiddi á árinu 2024 30% kostnaðar við rekstur skrifstofu BÍ, sem var 18,8 m.kr vegna launa og launatengdra gjalda á árinu 2024 og sama hlutfall vegna annars rekstrarkostnaðar skrifstofu, 8 m.kr., og hluta kostnaðar vegna reksturs fasteigna í eigu sjóðsins, að upphæð 2,7 m.kr. Þá greiddi sjóðurinn 30% af höfundarréttargreiðslum í félagsjóð sem umsýslukostnað.

Skattaleg meðferð

Allar greiðslur vegna höfundarréttar eru veittar í styrkjaformi. Styrkþegi getur talið fram kostnað á móti styrk á skattskýrslu sinni.

Samþykkt af stjórn Bládamannafélags Íslands



F.h. stjórnar - Sigríður Dögg Auðunsdóttir formaður

Undirritunarsíða

Sigríður Dögg Auðunsdóttir



Undirritað af:
Sigríður Dögg
Auðunsdóttir
2809724449
Dags: 19.06.2025
Tími: 12:34:18
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 9a315afa-8bd6-435f-bd9f-b229fae190ed

Lovísa Arnardóttir



Undirritað af:
Lovísa Arnardóttir
2912852289
Dags: 19.06.2025
Tími: 13:00:19
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 9a315afa-8bd6-435f-bd9f-b229fae190ed

Bára Huld Beck Sigfúsdóttir



Undirritað af:
Bára Huld Beck
Sigfúsdóttir
2206823749
Dags: 19.06.2025
Tími: 12:51:10
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 9a315afa-8bd6-435f-bd9f-b229fae190ed

Stígur Helgason



Undirritað af:
Stígur Helgason
0911842739
Dags: 18.08.2025
Tími: 13:14:07
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 9a315afa-8bd6-435f-bd9f-b229fae190ed

Skúli Halldórsson



Undirritað af:
Skúli Halldórsson
3007902329
Dags: 24.06.2025
Tími: 15:10:03
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 9a315afa-8bd6-435f-bd9f-b229fae190ed

Sólrún Lilja Ragnarsdóttir



Undirritað af:
Sólrún Lilja Ragnarsdóttir
2511824859
Dags: 19.06.2025
Tími: 12:46:12
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 9a315afa-8bd6-435f-bd9f-b229fae190ed

Ragna Gestsdóttir



Undirritað af:
Ragna Gestsdóttir
2606714649
Dags: 19.06.2025
Tími: 13:30:08
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 9a315afa-8bd6-435f-bd9f-b229fae190ed